

REGLUGERÐ

5

21. jan.

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Tölulíður 25 í d-lið reglugerðarinnar orðist svo:

25. svæði: Hofsós.

15. apríl—15. nóvember.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. janúar 1959.

Emil Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

BÆJANÖFN

6

23. jan.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febr. 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1958:

Arnþórsgærði, nýbýli í landi jarðarinnar Garðshorn í Köldukinn í Suður-Pingeyjarsýslu.

Minniborg, nýbýli í landi jarðarinnar Borg í Miklaholtshreppi í Hnappadals-sýslu.

Syðri-Völlur III, nýbýli í landi Syðri-Vallar I í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu.

Laugargerði, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungahreppni í Árnessýslu.

Sólveigarstaðir, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu.

Lindarbrekka, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu.

Hjarðargrund, nýbýli í landi ½ jarðarinnar Hjarðarhaga í Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu.

Lynghóll, nýbýli í landi Geirólfsstaða í Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Múli, nýbýli í landi Svinadals í Skaftártunguhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Laugarholt, nýbýli í landi Ytra-Laugalands í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Stóra-Búrfell II, nýbýli í landi Stóra-Búrfells í Svinavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Skorrastaðir III, nýbýli í landi jarðarinnar Skorrastaðir II í Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Flaga II, nýbýli í landi jarðarinnar Flaga í Skaftártungu, Vestur-Skaftafellssýslu.

Slétta, nýbýli í landi jarðarinnar Hraun II í Fljótshverfi í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

- 6** *Skógar II*, nýbýli í landi Skóga í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.
23. jan. *Steindalur*, nýbýli í landi jarðarinnar Ytri-Tungu í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Árhólar*, nýbýli á landi jarðarinnar Hóla í Laxárdal í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Mýrar III*, nýbýli í landi Mýra I í Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.
- Ármúli II*, nýbýli í landi Ármúla í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
- Laxárbakki*, nýbýli í landi Helluvaðs í Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Laxamáryri II*, nýbýli í landi Laxamáryrar í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Kvisthagi*, nýbýli í landi Hamraenda í Miðdalahreppi í Dalasýslu.
- Miklaholt II*, nýbýli í landi Miklaholts í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.
- Hjarðarhagi*, nýbýli í landi Jarlsstaða í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Hjarðarhagi*, nýbýli í landi Núps í Vindhælishreppi í Austur-Húnavatnssýslu.
- Lambeyrar*, nýbýli í landi Dönustaða í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.
- Hliðarendi*, nýbýli í landi Vatnshlíðar í Bólstaðarhlíðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu.
- Hlemmiskeið V*, nýbýli í landi Hlemmiskeiðs II og Brúnavallakots í Skeiðahreppi í Árnesýslu.
- Kornvellir*, nýbýli á erfðafestulandi að Hvolsvelli í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu.
- Kvjar II*, í landi Kvía í Þverárhlið, Mýrasýslu.
- Hvítárbakki II*, nýbýli í landi Hvítárbakka í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- Vindheimar*, nýbýli í landi Hvítárbakka í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- Árholt*, nýbýli í landi Mánár í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Árbakki*, nýbýli í landi Syðri-Reykja í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu.
- Bergþórshvoll II*, nýbýli í landi Bergþórshvols í Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu.
- Jörfi II*, nýbýli í landi Jörfa í Haukadalshreppi í Dalasýslu.
- Fjöll II*, nýbýli í landi Fjalla í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.
- Árland*, nýbýli í landi Fellssels í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Lón II*, nýbýli á þriðjungum jarðarinnar Lón og hálfri jörðinni Sultum í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.
- Kviaból*, nýbýli í landi Garðshorns í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Hjarðarhvoll*, nýbýli í landi jarðanna Dala og Kóreksstaða I í Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.
- Hámundarstaðir IV*, nýbýli í landi Hámundarstaða II í Vopnafjarðahreppi, Norður-Múlasýslu.
- Heiði*, nýtt nafn á jörðinni Bjarnastaðir, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.